



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Guðný Gerður
Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrr.
guðnygerdur@minjastofnun.is

THG arkitektar
Faxafen 9
108 Reykjavík

Reykjavík 17. júlí 2019
MÍ201904-0021/ 6.09 / 5546

Efni: Háaleitisbraut 1 Reykjavík - tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til bréfs Minjastofnunar Íslands frá 8.5.2019 þar sem farið var fram á að gerð yrði húsakönnun vegna deiliskipulags fyrir lóðirnar Háaleitisbraut 1.

Minjastofnun Íslands hefur borist húsakönnun Borgarsögusafns Háaleitisbraut 1 og Bolholt 5, dags. 5.7.2019. Húsakönnunin uppfyllir kröfur Minjastofnunar um skráningu húsa og mannvirkja vegna deiliskipulags, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands tekur undir niðurstöður varðveislumats Borgarsögusafns sem metur gildi hússins við Háaleitisbraut 1 – Valhallar hátt. Auk byggingarlistarlegs og menningarsögulegs gildis felst gildi þess einkum í því að það er áberandi kennileiti í umhverfi sínu.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við tillögu THG arkitekta að deiliskipulagi Háaleitisbrautar 1.

Virðingarfyllt,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Borgarsögusafn (minjavarsla@reykjavik.is)
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)
Halldór Guðmundsson (halldor@thg.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.